

# Starfsreglur stjórnar Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis - KAON

## 1. Almenn.

- a. Starfsreglur stjórnar byggja á lögum og samþykktum Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis. Þær fjalla nánar um hlutverk og framkvæmd starfa stjórnar, verkaskiptingu stjórnar og samskipti hennar, formanns stjórnar og starfsmanna. Þeim er ætlað að tryggja gagnsæi og fagmennsku í starfi stjórnar.
- b. Stjórn ber ábyrgð á þeim verkefnum sem henni eru falin samkvæmt þeim lögum.
- c. Allir stjórnarmenn skulu kynna sér starfsreglur stjórnar KAON. Skulu starfsreglurnar teknar til umræðu á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund, starfsreglur skoðaðar og breytt ef þurfa þykir. Stjórnarmenn skulu staðfesta þær starfsreglur sem stjórnin setur sér með undirritun sinni.

## 2. Skipan stjórnar.

- a. Um skipan stjórnar fer eftir því sem segir í 7. grein í lögum KAON.

## 3. Skyldur stjórnar.

- a. Gerð er krafa um vammleysi stjórnarmanna. Að vera vammlaus er m.a. að vera með gott orðspor. Mikilvægt er að að stjórnarmenn gæti þess að framkoma þeirra og athafnir séu til þess fallnar að skapa traust á félaginu. Stjórnarmönnum ber að upplýsa ef eitthvað getur dregið úr trúverðugleika þeirra.
- b. Stjórnarmenn skulu kynna sér lög um félög til almannaheilla, nr. 110/2021
- c. Stjórnarmönnum ber að mæta á alla boðaða fundum þ.e. stjórnarfundum og aðalfundum nema lögsmæt forföll hamli.
- d. Trúnaður gildir um málefni sem leynt eiga að fara samkvæmt ákvörðun stjórnar.
- e. Ef ákvarðanir stjórnar hafa í för með sér fjárútlát ber henni að gera grein fyrir því hvernig þeim skuli mætt og það bókað.
- f. Starf stjórnar er ólaunað en ekki er gert ráð fyrir að stjórnarmenn beri kostnað vegna stjórnarsetu sinnar. Kostnaður vegna ferða á vegum félagsins er greiddur af KAON.
- g. Stjórnarmenn eiga að stuðla að góðum starfsanda innan stjórnarinnar og millii stjórnar og starfsmanna.

## 4. Verksvið stjórnar.

- a. Starf stjórnar fer almennt fram á stjórnarfundum.
- b. Stjórn hefur ásamt starfsmönnum forystu um að móta stefnu KAON til skemmri og lengri tíma á grundvelli samþykpta og áherslumála aðalfundar.

- c. Stjórn hefur eftirlit með rekstri KAON og sér um að lögum, reglugerðum, samþykktum og markaðri stefnu sé fylgt.
- d. Stjórn getur sett á laggirnar nefndir um málefni sem taka þarf á sérstaklega eða falið stjórnarmanni einstök verkefni.

## 5. Hlutverk formanns.

- a. Formaður er fremstur meðal jafningja og kemur fram fyrir hönd stjórnar. Formaður getur falið starfsmönnum það í tilteknum málum
- b. Formaður ber meginábyrgð á verklagi stjórnar og skal sjá til þess að stjórnin fái sinnt hlutverki sínu með virkum hætti og að stjórnarmenn séu upplýstir um þau mál sem til umfjöllunar eru hjá félaginu á hverjum tíma.
- c. Formaður stjórnar stýrir stjórnarfundum og setur fundum dagskrá í samstarfi við starfsmenn KAON.
- d. Formaður stjórnar hefur í einstaka tilvikum heimild til að boða til skyndifunda með skemtri fyrirvara en starfsreglurnar kveða á um, enda sé það mat hans að málefni sem ræða skal á fundinum þoli ekki bið.

## 6. Fundir og boðun þeirra.

- a. Boðað skal til fyrsta stjórnarfundar nýrra stjórnar svo fljótt sem kostur er, þó eigi síður en mánuði frá kosningu stjórnar. Á þeim fundi skiptir stjórnin með sér verkum og kýs varaformann, gjaldkera og ritara.
- b. Starfsmenn í umboði formanns boða til stjórnarfunda. Stjórnarfundur skal boðaður með rafrænum hætti með minnst sjö daga fyrirvara ef þeir eru ekki haldnir með reglubundnum hætti. Dagskrá skal send út eigi síðar en einum til tveimur sólarhringum fyrir fund. Fundargögn eru einnig að jafnaði aðgengileg stjórnarmeðlimum með rafrænum hætti tveim sólahringum fyrir fund eða svo fljótt sem auðið er.
- c. Fundir stjórnar, einkum aukafundi, má halda í rafrænu fundarkerfi þegar það á við að mati formanns stjórnar.
- d. Halda skal stjórnarfundum að jafnaði einu sinni í mánuði að frátöldum sumarleyfis mánuði. Að loknu sumarleyfi er gerð áætlun um reglulega fundir stjórnar.

## 7. Lögmæti ákvarðana.

- a. Til að stjórn sé ályktunarbær þurfa allir stjórnarmenn að hafa fengið fundarboð í samræmi við ákvæði hér að framan og að meirihluti stjórnar sé mættur.
- b. Einfaldan meirihluta þarf til samþykkis stjórnar. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

## 8. Fundargerðir.

- a. Í fundargerð skal skrá stað og stund, hverjir eru mættir og gesti ef einhverjir eru. Jafnframt skal skrá í stuttu máli efni máls, skrá niðurstöður ef málið krefst samþykktar, ásamt því að skrá hverjum er falin ábyrgð máls þegar það á við.
- b. Fundargerð er að jafnaði send stjórnarmönnum með rafrænum hætti innan tveggja sólarhringa til samþykktar. Stjórn skal þá bregðast við með samþykki eða athugasemdum innan tveggja sólarhringa. Hafi svar ekki borist ritara að tveimur sólarhringum liðnum telst fundargerð samþykkt af viðkomandi stjórnarmanni.
- c. Stjórn staðfestir samþykki sitt með undirritun á eintaki fundargerðar á næsta fundi og er eintakið varðveitt í skjalasafni félagsins.

## 9. Vanhæfi.

- a. Stjórnarmenn eiga að koma í veg fyrir að málefni þeirra, hvort heldur persónuleg eða viðskiptatengd, leiði til beinna eða óbeinna hagsmunaárekstra milli þeirra og KAON.

## 10. Starfsmannamál

- a. Stjórnin fer með starfsmannamál KAON, staðfestir ráðningarsamning og starfslýsingu og veitir starfsmanni lausn frá störfum. Formaður hefur umsjón með gerð ráðningarsamnings og þar með talin eru starfskjör.
- b. Formanni er heimilt að fela einstaka stjórnarmönnum að annast tiltekin mál í tengslum við starfsmannahald.
- c. Laus störf hjá félaginu skulu ávallt vera auglýst til umsóknar.
- d. Á stjórnarfundum greina starfsmenn frá helstu þáttum í starfi félagsins. Þátttaka starfsmanna í stjórnarfundum fer að öðru leyti eftir því sem þurfa þykir að mati stjórnar.
- e. Starfsmenn koma fram fyrir hönd KAON í málum sem varða daglegan rekstur þess.

## 11. Samskipti stjórnar og starfsmanna.

- a. Gæta þarf að því að hlutverk og valdsvið stjórnar og starfsmanna sé skýrt.
- b. Reglubundin samskipti stjórnar og starfsmanna eru yfirleitt í gegnum formann stjórnar. Samskipti stjórnar og starfsmanna eiga að einkennast af hreinskilni og gagnkvæmu trausti.

*Samþykktar af stjórn KAON*

*9. janúar 2024*